

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa Fjarðaál

Dagsetning	27. október 2011	Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir
Fyrirtæki	Alcoa Fjarðaál	Starfsleyfi, gildir til	1. júní 2020
Heimilisfang	Hrauni 1, 730 Reyðarfirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	520303-4210	Fulltrúar fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer Dagný Björk Reynisdóttir
Isat nr.	24.42.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	14°06'06 W, 65°02'02 N
Starfsemi	Framleiðsla á áli		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á því að farin var eftirlitsferð um fyrirtækið ásamt fulltrúa frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Helgu Hreinsdóttur. Farið var í gegnum kerskála þar sem sérstaklega var hugað að ástandi og lokun þekja á kerunum. Ástand þekja var gott. Síðan var farið á vélaverkstæðið og einnig var farið í steypuskálann og skautsmiðju. Að lokum var farið í eftirlit um útisvæði þar sem verið er að ganga varanlega frá lóð og niðurföllum fyrir yfirborðsvatn. Alcoa Fjarðaál hafði lagt inn ýtarlega aðgerðar- og tímaáætlun árið 2009 yfir hvernig fyrirtækið ætlaði að ljúka frágangi lóða, niðurfalla og settjarna. Sú áætlun hefur staðist.

Að eftirlitsferðinni um fyrirtækið lokinni var fundað. Farið var yfir skil á gögnum samkvæmt ákvæðum í starfsleyfi. Öllum gögnum sem fyrirtækinu ber að skila til Umhverfisstofnunar hafði verið skilað inn á réttum tíma og mælingar eru innan marka.

Farið var yfir ýmsar skyldur fyrirtækisins skv. REACH reglugerðinni, nr. 750/2008 um skráningu, mat og leyfisveitingar er varða efni. Farið var yfir þau efni sem Alcoa skráði árið 2010 og einnig þau efni sem Alcoa hyggst skrá árið 2013. Öryggisblöð voru skoðuð og upplýsti eftirlitsaðili um þær breytingar sem fyrirhugaðar væru á uppsetningu þeirra. Fulltrúar Alcoa upplýstu að fyrirtækið hyggðist taka strangar á því að fá afhent öryggisblað á íslensku frá sínum birgjum. Eftirlitsaðilar bentu fulltrúum fyrirtækisins á að skv. REACH væri Alcoa bæði framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi og mismunandi skyldur fylgdu þessum hlutverkum, sérstaklega er varðar upplýsingagjöf í aðfangakeðjunni. Eftirlitsaðilar munu senda fræðsluefni á rafrænu formi. Að lokum var bent á skyldur fyrirtækisins að tilkynna um flokkun og merkingu efna til sameiginlegrar flokkunar- og merkingarskrá Efnastofnunar Evrópu.

FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu. Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

Önnur atriði:

Farið var í skoðunarferð um Miðgarð, vélaverkstæði Alcoa, en það hlaut nýverið viðurkenningu Vinnueftirlitsins sem fyrirtæki ársins. Athygli vakti afar fullkomin úrgangsflokkun en flokkað er í 10 mismunandi úrgangsflokka og allar merkingar og útskýringar til fyrirmyndar.

Reykjavík, 18/11/2011

Ólafur Kristinn Tryggvason

Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.